



GÁTLISTI

Upplýsingagjöf vegna umsóknar um skráningu sem lánveitandi, sbr. XIII. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda

| Nr. | Lagatilvísun | Efni |
|-----|---|--|
| | 43. gr. | Umsókn skal vera skrifleg og ítarleg og undirrituð af stjórn félagsins. Umsókninni skulu fylgja: |
| 1. | 40. gr. | Upplýsingar um rekstrarform |
| 1.1 | | Vottorð félags frá fyrirtækjaskrá RSK. |
| 1.2 | | Núverandi samþykktir félags og drög að samþykktum verði félagið skráð sem lánveitandi. |
| 2. | 1. tl. 1. mgr. 43. gr. | Upplýsingar um starfsskipulag og starfsemi |
| 2.1 | | Ítarleg umfjöllun um hvernig félagið hyggst nýta heimild til lánveitingar, t.d. hvort fyrirhugað sé að veita fasteignalán á 1. veðrétti, viðbótarlán á 2. og 3. veðrétti, viðbótarþjónustu og lánaáðgjöf og viðmið varðandi veðsetningarhlutfall útlána. |
| 2.2 | | Ítarleg umfjöllun um starfsskipulag, ásamt skipuriti félags, og afgangslustaði. |
| 2.3 | 50. gr. | Upplýsingar um hvort fyrirhugað sé að óska skráningar á samningsbundnum lánamiðlara. |
| 2.4 | | Upplýsingar um fjölda starfsmanna. |
| 2.5 | Sjá einnig leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila og nr. | Ítarleg lýsing á ferli við umsókn um fasteignalán hjá félaginu, þ.m.t. við framkvæmd lánshæfis- og greiðslumat, lánakerfum félagsins og öðrum upplýsingakerfum, varðveitingu gagna, umsjón og eftirfylgni með útlánunum og innheimtu. Sé um útvistun á stoðþjónustu að ræða er óskað eftir afriti af samningum þar að lútandi. |



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

| | | |
|-----|---|--|
| | 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. | |
| 2.6 | 6. gr. | Starfskjarastefna félags. |
| 3. | 4. tl. 1. mgr. 43. gr. | Fjárhagslegt heilbrigði |
| 3.1 | | Upplýsingar um fjármögnun á starfsemi félags. |
| 3.2 | | Upplýsingar um eftirlit með áhættu í rekstri, einkum útlánaáhættu. |
| 3.3 | | Ársreikningar síðustu þriggja rekstrarára. Ef félag hefur ekki verið í rekstri áður skal skila inn stofnefnahagsreikningi. |
| 3.4 | | Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. næstu þrjú rekstrarár ásamt greinargerð, þar sem m.a. koma fram forsendur um fyrirhugaðan vöxt, uppbyggingu, starfsmannafjölda og aðrar upplýsingar varðandi áætlunina. |
| 4. | 3. tl. 1. mgr. 43. gr. | Upplýsingar um eignarhald |
| 4.1 | | Nöfn, kennitölur og stærð hlutar hluthafa félags (hluthafaskrá). |
| 4.2 | Sjá einnig 4. tölul. 3. gr. laga nr. 64/2006 | Nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda félags, ef við á. |
| 5. | 1. og 2. tl. 1. mgr. 43. gr. | Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn |
| 5.1 | | Eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn: - Spurningalisti vegna mats á hæfi Ef breytingar verða á högum stjórnarmanna og varðað geta hæfi viðkomandi sem stjórnarmanns hjá félaginu skal Fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar. |



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

| | | |
|-----|---|--|
| 5.2 | | <p>Eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdastjóra:</p> <ul style="list-style-type: none">- Spurningalisti vegna mats á hæfi <p>Ef breytingar verða á högum framkvæmdastjóra og varðað geta hæfi viðkomandi skal Fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar.</p> |
| 5.3 | 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða og III. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda. | Upplýsingar um það að starfsmenn félags fullnægi kröfum um þekkingu og hæfni, t.d. ferilskrár þeirra. |
| 6. | 2. mgr. 43. gr. | Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður. <u>Fjármálaeftirlitið getur kallað eftir frekari upplýsingum á grundvelli þessarar málsgreinar ef stofnunin metur slíkt nauðsynlegt.</u> |
| 6.1 | | Netfang til móttöku dreifibréfa frá Fjármálaeftirlitinu (óháð einstökum starfsmönnum félags). |
| 6.2 | | Nafn, kennitala, sími og netfang ábyrgðarmanns félags á rafrænum skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. |
| 6.3 | | Nafn, sími og netfang ábyrgðarmanns umsóknar um skráningu |